

**Samantekt:** Getur gerð viðskiptaáætlunar fyrir stofnun fyrirtækis aukið lífslíkur þess?

**Nemandi:** Þór Clausen

**Sérsvið:** Fjármál

**Dagsetning:** Október 2004

## **Samantekt**

Heildarmarkmiðið með þessari rannsókn er að framkvæma athugun á því hvort gerð viðskiptaáætlunar fyrir stofnun fyrirtækis auki á einhvern hátt lífslíkur þess. Uppbygging ritgerðarinnar er á þá leið að fjallað er um grunninn að notkun viðskiptaáætlunar, allt frá því að frumkvöðullinn fær viðskiptahugmynd, vinnur úr henni í viðskiptaáætlun og stofnar fyrirtæki í kjölfarið. Þá er lögð töluverð áhersla á að skilgreina hugmyndina að baki viðskiptaáætlun og að líta beri á hana sem stefnumótandi tæki sem á að nýtast áfram í rekstrinum eftir stofnun fyrirtækisins. Einnig er fjallað um hvernig góð viðskiptaáætlun á að líta út og mikilvægustu innviðir hennar útlistaðir.

Rannsóknin miðast svo að því að skoða hvort það að gera viðskiptaáætlun fyrir stofnun fyrirtækis leiði til betri árangurs þess í rekstri. Stefnan er að skoða feril fyrirtækja, sem stofnuð voru á árunum 1998 – 2000 á Íslandi, frá stofnun og þrjú ár fram í tímann, en sá tími segir oft til um hvort fyrirtæki muni lifa af eður ei.

Til að nálgast viðfangsefnið verður lögð töluverð áhersla á að draga fram niðurstöður erlendra rannsókna á þessu sviði, en lítið hefur farið fyrir íslenskum rannsóknum á þessu sviði hingað til. Þessar erlendu rannsóknir munu leggja grunn að þeim sjónarhornum sem velt er upp í rannsókninni og einnig leggja þær grunn að fræðilegri umfjöllun í ritgerðinni á sviði viðskiptaáætlana.